

Þriðjudaginn 7. ágúst 1990.

Nr. 267/1990. **Ellert Guðmundsson**

gegn

Kaupfélagi Árnesinga og

Andrési Valdimarssyni,

skiptaráðanda í Árnæssýslu,

f.h. protabús Ellerts Guðmundssonar.

Kærumál. Dómarar. Frávísun frá Hæstarétti að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. a og 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 1. júní 1990, sem barst Hæstarétti 6. júlí 1990 með bréfi sýslumannsins í Árnæssýslu, dagsettu 21. júní 1990. Sóknaraðili fékk fyrst vitneskju um uppsögu hins kærða úrskurðar 19. maí 1990, og er kærán því fram komin innan lög-mæltis kærufrests.

Dómkröfur sóknaraðila eru þessar:

„að Sigurður Sigurjónsson víki dómarasæti í nefndu máli og að allt, er hann hefur aðhafst í því frá 16. okt. 1989, verði dæmt ómerkt, það er gjaldþrotaúrskurður frá 15. febr. 1990,

að innheimtu- og gjaldþrotaskiptamálinu verði vísað frá dómi vegna rangrar stefnu- og kröfugerðar,

að mér verði tildæmdar hæfilegar miskabætur vegna óþæginda af málinu,

að mér verði tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður“.

Lögmaður varnaraðila Kaupfélags Árnesinga hefur sent Hæstarétti greinargerð, sem er dagsett 20. júlí 1990. Greinargerðin hefur ekki að geyma beina kröfugerð, en í lok hennar segir m.a.: „...vér gerum engar athugasemdir við ofangreinda úrskurði og teljum málið allt hafa fengið rétta og löglega meðferð bæði í fógeta- og skiptarétti Árnæssýslu“.

Í kæru og greinargerð til Hæstaréttar rekur sóknaraðili viðskipti sín við varnaraðilann Kaupfélag Árnesinga, sem leiddu til þess að lokum, að bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 15.

febrúar sl. Þá lýsir sóknaraðili samskiptum sínum við sýslumanninn í Árnæssýslu og fulltrúa hans. Segir sóknaraðili, að kæru sinni í október 1989 út af dómaraströfum hafi ekki verið sinnt. Megi fulltrúi sýslumanns, sem í kæru þessari hafi verið talinn brjóta gegn starfsskyldum sínum, ekki fara með mál sóknaraðila, meðan kærnan sé óafgreidd. Þá segir sóknaraðili, að kröfum sínum um framlagningu gagna hafi ekki verið sinnt og bókanir verið ófullnægjandi.

Sem fyrr getur, krefst sóknaraðili þess, að felldur verði úr gildi í kærumáli þessu úrskurður sá um gjaldþrotaskipti, sem fyrr er um getið og kveðinn var upp í skiptarétti Árnæssýslu 15. febrúar 1990. Um þessa kröfu verður ekki fjallað í kærumálinu, þar sem sá úrskurður sætir áfrýjun, en ekki kæru eftir 21. gr. 1. mgr. 2. tl. a í lögum nr. 75/1973. Verður þessari kröfu sóknaraðila því vísað frá Hæstarétti.

Þá setur sóknaraðili fram miskabótakröfu í kæru sinni, en lagaheimild er ekki til að fjalla um hana í kærumáli þessu. Verður henni því vísað frá Hæstarétti.

Að því er varðar kröfu sóknaraðila um, að Sigurði Sigurjónssyni, fulltrúa sýslumanns, verði gert skylt að víkja sæti, skal tekið fram, að Sigurður er eini dómarrinn, sem fjallað hefur um gjaldþrotamál sóknaraðila. Af skjölum, sem fyrir Hæstarétt hafa verið lögð, er ljóst, að sóknaraðili hefur viljað koma að sönnunargögnum um viðskipti sín og Kaupfélags Árnesinga. Ágreiningur sóknaraðila og kaupfélagsins um skuldaskipti hafði verið til meðferðar bæði á aukadómþingi og í fógetarétti. Þegar krafan um gjaldþrotaskipti var tekin fyrir í skiptarétti 16. október 1989, kvaðst sóknaraðili eiga vörur og efni að verðmæti 11.000.000 króna, en efnið og vörurnar væru í geymslu á tilteknum stað. Dómarafulltrúinn tók eftir þetta afstöðu til kröfunnar um gjaldþrotaskipti, svo sem honum bar að gera. Ekki er fram komið, að meðferð hans á máli sóknaraðila hafi verið andstæð lögum eða að hann hafi átt að víkja sæti, þar sem hætta hafi verið á því, að hann fengi ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu, sbr. 36. gr. 7. tl. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Ekki er upplýst, hverja meðferð kæra sóknaraðila í október 1989 hlaut, en það atriði breytir ekki niðurstöðu máls þessa.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Varnaraðilar krefjast ekki kærumálskostnaðar.
Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Framangreindum kröfum er vísað frá Hæstarétti. Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Árnassýslu 3. maí 1990.

I.

Við fyrirtöku máls þessa í skiptarétti þann 2. apríl 1990 var þess krafist af hálfu skiptaþola, að fulltrúi hins reglulega skiptaráðanda viki sæti, og var sú krafa tekin til úrskurðar sama dag.

II.

Þann 10. júlí 1989 var móttækin í skiptarétti Árnassýslu beiðni Ævars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns fyrir hönd Kaupfélags Árnesinga um gjaldþrotaskipti á búi Ellerts Guðmundssonar, kt. 010627-7969. Gjaldþrotaskiptabeiðnin var grundvölluð á endurriti árangurslausrar aðfarargerðar, sem fram fór hjá skiptaþola í fógetarétti Árnassýslu fimmtudaginn 8. júní 1989.

Þann 9. október 1989 var gjaldþrotaskiptastefna á hendur skiptaþola birt fyrir honum sjálfum á heimili hans.

Mánudaginn 16. október 1989 var skiptaréttarmálið tekið fyrir í skiptarétti Árnassýslu. Af hálfu skiptabeiðanda mætti í réttinum Ævar Guðmundsson héraðsdómslögmaður; einnig var skiptaþoli sjálfur mættur. Í réttarhaldinu kvaðst skiptaþoli ekki þurfa neinn frest vegna framkominnar gjaldþrotaskiptabeiðni, og að kröfu lögmanns skiptabeiðanda var gjaldþrotaskiptabeiðnin því tekin til úrskurðar. Með bréfi, dags. 6. febrúar 1990, var skiptaþola tilkynnt um, að þess væri að vænta, að kveðinn yrði upp úrskurður um töku bús hans til gjaldþrotaskipta án frekari fyrirvara.

Með úrskurði skiptaréttar Árnassýslu, uppkveðnum þann 15. febrúar 1990, var bú skiptaþola tekið til gjaldþrotaskipta. Með ábyrgðarbréfi, dags. 14. mars 1990, var skiptaþoli kvaddur til að mæta í skiptarétti Árnassýslu miðvikudaginn 21. mars 1990 til þess að gefa skýrslu um eignir og skuldir búsins og afhenda um leið bókhaldsgögn þess. Að beiðni skiptaþola var fyrirhugaðri skýrslutöku frestað til mánudagsins 2. apríl 1990, en þann dag mætti hann í skiptaréttinum og krafðist þess, að bókað yrði eftir honum það, er hann hefði fram að færa varðandi framgang málsins. Af því tilefni var eftirfarandi bókað eftir skiptaþola: „Í framhaldi af því sem skeði 16. október 1989, þar sem ég fékk neitun á að fá bókað það sem hafði fram að færa í réttinum og í fram-

haldi af því óskaði ég þá eftir því að dómari víki dómarasæti á grundvelli þess að ekki fékkst bókað, og einnig sé ég á gögnum málsins að ekki voru bókuð orð sækjanda málsins í umrætt skipti sem hefðu verið sönnunargagn fyrir því að innheimtukrafa hans var röng frá byrjun. Því endurtek ég ósk mína um að Sigurður Sigurjónsson víki úr dómarasæti í þessu máli eins og áður var farið fram á að allt það er hann hefur aðhafst í því máli síðan verði dæmt ómerkt, að minnsta kosti þar til Hæstiréttur hefur fjallað um kæru á hendur embættinu sem sýnd var í hæstarétti 20. október 1989 og lögð fram í sýslumanns-embættinu á Selfossi 23. október 1989.“

III.

Skiptapoli lætur þess ógetið, við hvaða lagaheimild hann styður kröfu sína um, að dómarafulltrúinn víki sæti. Telja verður, að hann byggji hér á niðurlagi 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936. Fullyrðingar skiptapola í þinghaldi þann 2. apríl sl. um, að honum hafi verið meinað á fyrri stigum málsins að koma sínum sjónarmiðum á framfæri varðandi fram komna gjaldþrotaskiptabeiðni, eiga ekki við rök að styðjast.

Ekki er dómara kunnugt um, að nein þau atvik séu til staðar, sem leitt gætu til vanhæfis hans til að fjalla um málið. Krafa skiptapola um, að dómariinn víki úr dómarasæti, hefur ekki við nein rök að styðjast. Er dómaranum hvorki rétt né skylt að víkja sæti.

Sigurður Sigurjónsson dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framangreind krafa skiptapola, Ellerts Guðmundssonar, er eigi tekin til greina.